



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa mars 2006

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 27. febrúar 2006

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að þeir útgerðarmenn sem sóttu um byggðarkvóta fái úthlutað samkvæmt úthlutunarreglum. Ákveðið var að leita upplýsinga um 1. lið í reglunum.

Fundur 5. mars 2006

Farið yfir sameiningarmál við Þórshafnarhrepp. Samþykkt samhljóða að kjósa um sameiningu við Þórshöfn.

Fundur 7. mars 2006

Málefni Krakkakots. Ákveðið er að sumarlokun í Krakkakoti verði 15. júlí – 15. ágúst. Foreldrum verður tilkynnt. Ákveðið var að láta skipuleggja leiksvæði við leikskólann og skólann og Teikn á Lofti verða fengnir til að sjá um að koma með tillögur og kostnaðaráætlun sem verður lögð fyrir jöfnunarsjóð.

Bréf barst frá Samgönguráðuneytinu vegna lýsingar á kílómetra kafla frá höfninni og inn í þorpið. Erindið verður tekið til meðferðar við gerð næstu samgönguáætlun, 2007-2010.

Bréf barst frá Sambandi íslenskra sveitafélaga, staðgreiðsluuppgjör 2005.

Bréf barst frá Birni Heiðari sem er svar við bréfi hreppsnefndar Þórshafnarhrepps um úrsögn úr samstarfi í brunavörnum. Mál brunavarna rædd.

Fundagerð barnaverndarnefndar tekin fyrir til staðfestingar.

Auglýsa þarf stöðu kennara og ganga til samninga við skólastjóra um áframhaldandi samstarf.